
Stefnir Ólafsson bóndi í Laugardal:

Kemur ekki til greina að ég eða dýrin fari héðan

„ÞAÐ er ljót framkoma sem búið er að sýna mér hér á undaförnum árum. Margsinnis hefur verið reynt að flæma mig í burtu en ég er þrásetumaður og það kemur ekki til greina að ég eða dýrin mín fari héðan," sagði Stefnir Ólafsson bóndi á Reykjaborg í Laugardal, í samtali við Morgunblaðið. Í bréfi sem Stefni barst frá Skrifstofu borgarverkfræðings í vikunni er mælst til þess að hann virði ákvæði samnings sem gerður var við hann árið 1984 um bann við búfjárhaldi á bylinu.

„Ég vil fá breytt í samningnum ákvæðinu um að hér megi ekki vera með sauðfé og nautgripi en í samningnum stendur að vilji maður fá breytingar á honum, þá megi reka málið fyrir bæjarþingi. Ráðamenn eru hins vegar svo óforskammaðir að neita mér um það. Það mega þeir ekki gera og haldi þeir áfram hótunum um að stela dýrunum mínum þá mun ég höfða mál á hendur þeim. Ég er alveg ákveðinn í því og það er hópur manna sem er búinn að lofa að hjálpa mér í þessu," sagði Stefnir.

„Ég er búinn að vera hér síðan vorið 1916 þegar foreldrar mínir fluttu hingað og er því elsti dalbúinn. Hér vil ég vera til æviloka og hafa dýrin mín hjá mér," sagði Stefnir.



Morgunblaðið/BJE

Stefnir Ólafsson bóndi á Reykjaborg í Laugardal

John Nasbitt í Borgarleikhúsinu:

Íslenskir meginstraumar meðal umræðuefnis

BANDARÍSKI fyrirlesarinn John Naisbitt verður á ráðstefnu Stjórnunarfélags Íslands og Amerísk-íslenska verslunarráðsins í Borgarleikhúsinu nk. mánudag 10. júní. Síðdegis í gær höfðu milli 430 og 440 manns skráð sig á ráðstefnuna, samkvæmt upplýsingum frá Stjórnunarfélaginu.

Í fréttatilkynningu frá Stjórnunarfélaginu segir, að John Naisbitt sé heimsþekktur fyrir bókina Megatrends, sem út kom fyrir 10 árum. Þar hafi hann spáð fyrir um þá meginstrauma sem myndu einkenna liðinn áratug. Í tilkynningunni segir að Naisbitt hafi reynst sannspár og hafi því hin nýja bók hans og eiginkonu hans, Patriciu Aburdene, Megatrends 2000, ekki síður vakið heimsathygli. Í bókinni séu boðaðir meginstraumar þjóðfélagsins til næstu aldamóta.

Umfjöllunin í Borgarleikhúsinu hefst á kynningu Gunnars M. Hanssonar forstjóra IBM á Íslandi á John Naisbitt. Að henni lokinni fylgir erindi Naisbitts. Í kjölfar þess munu fréttamenn leggja spurningar fyrir Naisbitt, en einnig er gert ráð fyrir að þátttakendur geti lagt fram skriflegar fyrirspurnir úr sal.

Að loknu kaffihléi verða pallborðsumræður með John Naisbitt. Umfjöllunarefnið er að sjálfsögðu erindi hans, en einnig verður glímt við að kanna íslenska meginstrauma. Umræðustjóri er Sigmundur Guðbjarnason, fráfarandi háskólarektor. Þórður Sverrisson, formaður stjórnar Stjórnunarfélags Íslands, mun slíta ráðstefnunni um kl. 16.30.

Sýning Christos opnar á Kjarvalsstöðum

Yfirlitssýning á verkum bandaríska listamannsins Christos verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 8. júní kl. 16. Kristín Guðnadóttir, safnvörður á Kjarvalsstöðum, sagði á blaðamannafundi er haldinn var vegna sýningarinnar að verðmætasta verkið, „Innpakkaðar olíutunnur" kæmi úr einkasafni listamannsins en öll önnur verk á sýningunni væru í eigu Torstens Lilja, sænsks milljónamærings, og yrði hann viðstaddur opnun sýningarinnar.

Torsten Lilja er sagður eiga um 150 verk eftir Christo en það eru aðallega undirbúningsteikningar, klippimyndir og módel af hinum raunverulegu verkum Christos. Umsjónamaður listasafns Lilja, Josy Kraft, sér um uppsetningu verkanna á Kjarvalsstöðum. Flest verk Christos lifa í skamman tíma þar sem listamaðurinn fær eingöngu leyfisveitingar til þess að pakka inn brúm eða vefja efni umhverfis eyjar að því tilskildu að umbúðirnar verði teknar aftur niður. Christo kostar alfarið sjálfur þessi viðamiklu verkefni með sölu á skissum sínum og undirbúningsteikningum. Hann vill ekki taka við opinberum styrkjum þar sem að hans áliti myndi það skerða frelsi hans sem listamanns.



Morgunblaðið/KGA

Kristín Guðnadóttir, safnvörður á Kjarvalsstöðum, og Josy Kraft, umsjónarmaður listasafns Lilja.

Hvammstangi:

150 milljóna gjaldþrot

Forgangskröfur í bú Verslunar Sigurðar Pálmasonar á Hvammstanga, sem tekið var til gjaldþrotaskipta 1988, greiddust að fullu, en þær námu 7,4 milljónum kr. Skiptalok urðu í búinu í síðasta mánuði og nam gjaldþrotið tæpum 150 milljónum kr.

Skiptameðferð búsins lauk 6. nóvember 1990. Forgangskröfur að upphæð 7,4 milljónum kr. greiddust að fullu. Upp í veðkröfur greiddust 16,8 milljónir kr. Almennar kröfur í búið hljóðuðu upp á 125,1 milljón kr. og greiddust um 3,8 milljónir upp í þær, eða um 3%.

Íslenskur læknir hlýtur dönsk verðlaun

GÍSLI Einarsson orku- og endurhæfingarlæknir hefur hlotið dönsk rannsóknarverðlaun fyrir doktorsritgerð sína um aðlögum vöðva að langvarandi sköddun en hún byggist á rannsóknum á mænuveikisjúklingum sem lamast hafa á mismunandi aldri og áttu það sameiginlegt að hafa búið við langvarandi lömun.

Verðlaun þesi veita Landssamtök mænuveikisjúklinga og fórnarlamba umferðarslysa (Landsforeningen af Polio-, Trafik- og Ulykkeskadede). Verðlaunin verða afhent Gísla sunnudaginn 9. júní á ársfundi samtakanna í Danmörku.

Doktorsritgerð Gísla Einarssonar sem hann varði við læknadeild Gautaborgarháskóla fyrir rúmu ári fjallar bæði um aðlögunarhæfni skaddaðra vöðva við athöfnum daglega lífs og svörun vöðva við skipulagðri styrktarþjálfun. Hefur þessi vitneskja mikla þýðingu fyrir þá sem búa við langvarandi lömun, t.d. mænusóttarsjúklinga og þá sem lamast hafa af öðrum orsökum.

Gísli Einarsson er lektor í endurhæfingafræðum við læknadeild Háskóla Íslands og var til skamms tíma yfirlæknir við Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

